

Fundargerð

7. fundur.

Þriðjudaginn 26. júní 2007 kom hafnarnefnd Langanesbyggðar saman til fundar í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn kl. 15.00.

Mættir. Jónas Jóhannsson, formaður, Áki Guðmundsson og Aðalbjörn Arnarsson. Einnig sátu fundinn þeir Björn Ingimarsson, sveitarstjóri og Steinn Karlsson, hafnarvörður á Þórshöfn.

Dagskrá.

1. Mál. Staða framkvæmda.

Sveitarstjóri og hafnarvörður gerðu grein fyrir stöðu framkvæmda og kom fram að vinnu við raflagnir og tengingar á hafnarsvæðinu er lokið en að Vökvaþjónustan hefur enn ekki lokið að fullu þeim verkum er fyrirtækið hefur með höndum.

Einnig kom fram að tilboð í lengingu Norðurgarðs voru opnuð fimmtudaginn, 31. maí s.l. og hefur verið ákveðið að semja við lægst bjóðanda um verkið. Fyrirtækið Suðurverk hf átti lægsta boð sem nam kr. 43.354.000,-eða um 77% að kostnaðaráætlun. samkvæmt útboðs og verklýsingu skal verki lokið eigi síðar en 1.11.07.

2. Mál. Mál. Endurbygging hafskipabryggju á Þórshöfn.

Lagt fram bréf frá Siglingastofnun, dags 14.05.07. þar sem fram kemur að á hafnarráðsfundi 4. maí s.l. fékk erindi Langanesbyggðar, dags 25.04.07. jákvæða umsögn og lagði hafnarráð til við samgönguyfirvöld að útvega fjárveitingu í verkið. Fram kom einnig að hafnarsjóður Langanesbyggðar þarf að sækja um aukafjárveitingu upp á 21,2 millj. kr. til samgönguyfirvalda og Alþingis til að njóta fulls ríkisstyrks. Samþykkt að sveitarstjóri óski formlega eftir umræddri aukafjárveitingu en feli Siglingastofnun að kanna endurbyggingu hafskipabryggju á Þórshöfn í samræmi við tillögu 3 er lögð var fram á fundi nefndarinnar fimmtudaginn 8. mars s.l.

3. Mál. Viðbygging við hraðfrystistöð þórshafnar (frystiklefi)

Lagðar voru fyrir nefndarmenn til kynningar teikningar af frystiklefa er Hraðfrystistöð Þórshafnar hf fyrirhugar að reisa á því svæði sem bílastæði félagsins eru á í dag. Samkvæmt upplýsingum frá hönnuði er stefnt að því að hefja framkvæmdir í júlí og að þeim verði lokið fyrir árslok. Hafnarnefnd lýsir yfir ánægju sinni með ákvörðun HÞ um byggingu frystiklefa á Þórshöfn. Nefndarmenn gera þó athugasemd við fyrirhugaða staðsetningu klefans m.a. með tilliti til lagna sem kunna að lenda undir fyrirhugaðri byggingu (sími, sjór og vatn) og þess að framtíðarstækkunarmöguleikar eru takmarkaðir. Bent er á vinkil staðsetningu í framhaldi af núverandi frystiklefa, þar sem s.k. Villahús er staðsett, sem hentugri staðsetningu. hafnarnefnd leggur ekki gegn framkvæmdinni þyki aðrir valkostir ekki vænlegir.

4. Mál. Önnur mál.

- Gaflinn.

Lagt fram tölvubréf frá Fiskistofu, dags, 26.03.07, þar sem tilkynnt er um það að Gaflinn sé orðinn nothæfur til skráningar.

- Kúffiskvinnsla. Frárennsli og útblástur.

Fram kom að reglulega skapast ófremdarástand á hafnarsvæðinu vegna vökvamagns í frárennsli sem þar til gerð niðurföll anna ekki auk þess sem grunur leikur á að sandur í nokkru magni berist í holgæsakerfið. Einnig er útblástur frá verksmiðjunni blandaður miklum vökva sem berst um nágrennið. Lögð er áhersla á að vinnsluaðilar ráði á þessu bót sem fyrst og að hugmynd að lausn verði kynnt hafnaryfirvöldum.

- Upptökubraut á Bakkafirði.

Hafnarverði á Bakkafirði falið að undirbúa og semja um endurbætur á upptökubraut í Bakkafjarðarhöfn. Verki skal lokið fyrir sumarlok ef unnt er.

- Vatnsmál. á hafnarsvæði.

Fram kom að vatnsþrýstingur á hafnarsvæðinu er ekki nægjanlegur þegar að vinnsla er í gangi bæði í bræðslu og kúffiskvinnslu. Samþykkt að leggja það til við hreppsnefnd að fagaðili verið fenginn til að vinna tillög að vænlegri lausn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.34.

Björn Ingimarsson, ritari.